

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1111 frá 10. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar að setja kröfur um starfrækslu mannaðra loftfara með getu til að lenda og hefja flug lóðrétt ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011), lið 66wk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012), lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) og lið 66xg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1111:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1111 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1111, 23.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1111, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(1) Stjtið. ESB L, 2024/1111, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1111/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING